

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 322/2003, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004.

#### 1. gr.

Í stað tölunnar „48“ í 1. mgr. 1. gr. reglnanna, sem varðar fjöldatakmörkun í læknisfræði, kemur: 50.

Þriðja málsgrein 1. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Um val nemenda til náms við læknadeild fer eftir reglum nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands, ásamt síðari breytingum sbr. reglur nr. 134/2002 og 503/2002. Læknadeild er þó heimilt að víkja frá lágmarkseinkunninni 5,0 við inntöku nemenda í sjúkraþjálfunarskor sem og að ráðstafa allt að fjórum námssætum til viðbótar þeim 20 sem kveðið er á um 2. mgr. hér að framan, þannig að heildarfjöldi nemenda á 1. námsári verði allt að 24.

#### 2. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett með vísan til niðurstöðu áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema frá 29. júlí 2003 og að fenginni tillögu læknadeildar sbr. heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 4. september 2003.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*